

kvaða, er frú Gyða kynni að hafa lagt á umrædda landsspildu fram yfir veðsetningar þær, sem hvila á erfðafesturéttindum hennar yfir landsspildunni með heimild í erfðafestubrétinu.

Af hálfu ekkju látna er öllum framangreindum kröfuliðum mótmælt. Var ágreiningurinn síðan lagður undir úrskurð skiptaréttarins. Hefur málið verið skriflega flutt og var tekið til úrskurðar 29. f. m.

Byggir Stephan kröfur sínar á því, að samkvæmt afsali látna til Hafbergs 1. desember 1936 hafi Hafberg orðið raunverulegur eigandi erfðafestulands frú Gyðu og öðlazzt rétt til afgjalds eftir það, en aðeins orðið að hlíta ákvæðum erfðafestubrétisins frá 6. janúar 1936 og þeim ráðstöfunum, er gerðar hefðu verið í samræmi við það.

Ekkjan byggir mótmæli sín hins vegar á því, að erfðafestuland frú Gyðu hafi algerlega verið undanskilið sölunni til Hafbergs.

Eins og ljóst er af framanskráðri málavaxtalýsingu, er ósannað gegn skýlausu orðalagi afsalsins frá 1. desember 1936, að erfðafestuland frú Gyðu hafi fylgt með í sölunni til Hafbergs. Og með því að samningur Hafbergs frá 28. júní 1937, sá er fyrr greinir, við þau Eggert sáluga og frú Gyðu og enn fremur athafnaleysi hans, eftir að látni seldi frú Gyðu landið 19. október 1937, þykja ekki samrýmast því, að hann hafi þá talið sig eiganda landsins, þykir ekki unnt að sinna framangreindum kröfum Stephans í dánarbú Eggerts Briems frá Viðey, og ber því að sýkna búið af þeim.

Því úrskurðast:

Dánarbú Eggerts Briems frá Viðey á að vera sýknt af framangreindum kröfum Stephans Stephsens.

Miðvikudaginn 31. marz 1943.

Nr. 75/1942. **Steindór Einarsson** (Sigurgeir Sigurjónsson)  
gegn

**Júlíusi Guðmundssyni** (Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson  
í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Ómerking og vísun máls frá dómstól, sem ekki átti dóm þess.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður. Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 3. júlí 1942. Krefst hann þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hvor krafan sem til greina yrði tekin.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og í héraðsdómi greinir, reisti áfrýjandi á sínum tíma steingarð þann, er í málinu getur, að nokkru leyti á lóðinni nr. 29 við Framnesveg, sem er eign stefnda, og skyldi stefndi hafa not af garðinum án endurgjalds. Áfrýjandi hefur haft í hyggju að hækka garð þenna og sett í því skyni steypumót ofan á hann. Stefndi telur fyrirhugaða hækkun garðsins brjóta í bága við rétt sinn, með því að hún mundi spilla afnotum hans af nefndri fasteign, Framnesvegi 29, og er krafa hans um brotttöku steypumótanna á því reist. Úrlausn þessa ágreinings á undir lóðamerkjadóm Reykjavíkur, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1923 um breyting á lögum nr. 35/1914. Og þar sem málið hefur verið ranglega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og víasast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1942.**

Með samningi, dagsettum 21. maí 1927, varð sú sætt með þáverandi eigendum Litla-Steinholts og hússins nr. 23 (nú 29) við Framnesveg annars vegar og stefnds í máli þessu, Steindórs Einarssonar bifreiðaeiganda, hins vegar, að stefndur skuldbatt sig til að steypa garð úr suðvesturhorni Framnesvegar 29, sem nú er eign stefnanda, Júlíusar Guðmundssonar kaupmanns, milli lóðanna Skuldar og Litla-Steinholts. Skyldi garðurinn liggja í beina línu í bilskúrsvegg

stefnds þarna í nánd og vera 10 tommum fyrir ofan lóðamörk stefnds sem eiganda Skuldar. Garðurinn átti að vera 10 tomma þykkur og „minnst  $2\frac{1}{2}$  alin á hæð“. Allur átti hann að standa á lóð stefnanda og Litla-Steinhólts. Fullger skyldi hann vera um áramótin 1927 og 1928. „Not af garði þessum án endurgjalds“ skyldu stefnandi og eigandi Litla-Steinhólts hafa, „enda kemur notaréttur hans í staðinn fyrir lóðarræmu þá, er margnefnd Sigriður Erlendsdóttir (þáverandi eigandi Litla-Steinhólts) á undir norðausturhorni á bílskúr mínum (stefnds) í Ráðagerði, en sem nú með sætt þessari er eign mín.“

Umræddur garður virðist síðan hafa verið fullger á tilskildum tíma og allt hafa verið með felldu um langa hrið. En sumarið 1940 lét stefndur setja allhá steypumót ofan á garð þenna. Gerði hann síðan tvær atrennur til þess að steypa í þau og hækka garðinn, en í bæði skiptin varnaði stefnandi honum þess með aðstoð byggingarfulltrúa bæjarins. Stefndur hefur þó ekki fengizt til að taka mótin niður, og standa þau þar enn, og má telja upplýst í málinu m. a. með myndum, er sýndar voru í réttinum, að þau séu stefnanda til бага, þar eð þau skyggja á sól í garði hans og gluggum á kjallaraibúð.

Af þessum ástæðum hefur stefnandi höfðað mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., og gert í því þær kröfur, að stefndur verði, að viðlögðum 200.00 króna dagsektum, dæmdur til þess að taka umrædd steypumót niður svo og til greiðslu kostnaðar af máli þessu.

Stefndur krefst aðallega frávisunar, en til vara sýknu. Enn fremur krefst stefndur málskostnaðar, hver sem málalok verða.

Frávisunarkröfuna byggir stefndur á því, að umrædd réttindi yfir garðinum séu sameiginleg stefnanda og eiganda Holtsgötu 25 (það hús er byggt á lóð úr Litla-Steinholti) og verði þeir því báðir að sækja mál út af þeirri kröfu, er hér ræðir um. Á þetta fellst rétturinn þó ekki og sinnir því ekki frávisunarkröfunni.

Sýknukröfuna reisir stefndur á því, að mótin séu stefnanda bagalaus, en á það verður samkvæmt framansögðu ekki fallizt. — Enn fremur telur stefndur sér heimilt að hafa mótin þarna, þar eð sér sé samkvæmt sættinni frá 21. maí 1927 heimilt að hafa garðinn eins háan og hann óski, þar eð einungis sé tekið fram, að hann skuli vera minnst  $2\frac{1}{2}$  alin. Í þessu orðalagi samningsins telur rétturinn þó, að ekki felist heimild til handa stefndum til að hækka garðinn til óþæginda fyrir stefnanda, en þar eð það er gert með umræddum mótum, þykir verða að taka réttarkröfur stefnanda til greina og skylda stefndan, að viðlögðum 50 króna dagsektum til stefnds, til að taka framangreind steypumót niður svo og til að greiða stefndum kr. 150.00 í málskostnað.

## Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Steindór Einarsson, skal, að viðlögðum 50.00 króna dagsektum til stefnanda, Júlíusar Guðmundssonar, skyldur til að taka burt framangreind steypumót.

Í málskostnað greiði stefndur stefnanda kr. 150.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. marz 1943.

Nr. 10/1943. Ólafur Gränz

gegn

Sigurði Ó. Ólafssyni.

## Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Gränz, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. marz 1943.

Nr. 11/1943. Kristín Guðmundsdóttir og Sólveig Sandholt

gegn

Jónínu Eggertsdóttur.

## Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kristín Guðmundsdóttir og Sólveig Sandholt, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þær vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.